

# Aðalfundur Fonts

haldinn á Þórshöfn 25. september 2016

## Tillögur til 32. aðalfundar LS

1. Aðalfundur Fonts vill óbreyttar strandveiðar sem stunda megi fulla 4 mánuði sumars frá maí til september.
2. Aðalfundur Fonts vill að ufsi verði utan kvóta á handfærum í júlí og ágúst.
3. Aðalfundur Fonts hafnar öllum tillögum um kvótasetningu á grásleppu.
4. Aðalfundur Fonts lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna lífeyrisréttinda félagsmanna. Stöðugt hærra hlutfall launa rennur í lífeyrissjóðina. Á sama tíma eru lífeyrisgreiðslur skertar reglulega. Fontur leggur til að skipuð verði nefnd LS um að kanna sameiningu lífeyrissjóða.
5. Aðalfundur Fonts leggur til að handhafar kvóta greiði veiðigjöldin en ekki þeir sem leigja kvótann.
6. Aðalfundur Fonts leggur til að veiðigjald verði fellt niður á smábátum sem veiða minna en 100 tonn á ári.
7. Aðalfundur Fonts vill að makrílveiðar á smábátum verði gefnar frjálssar.
8. Aðalfundur Fonts mótmælir harðlega öllum áformum um byggingu stórskipahafnar í Finnafirði og Gunnólfsvík.

Samkvæmt þeim hugmyndum sem fram hafa komið og birst í fjölmiðlum, þá munu aðal hrygningarstöðvar þorsks sunnan Langaness allt suður fyrir Glettinganes verða innan hafnar.

Merkingar Hafró hafa sýnt að fiskur merktur á hrygningarslóðinni í Finnafirði og Gunnólfsvík veiðist aðallega á svæðinu frá Langanesi suður undir Glettinganes. Augljóst má vera að það er ekki tilviljun að þorskurinn velur sér þetta svæði til

hrygningar. Þarna eru einfaldlega bestu skilyrði til hrygningar þorsks sunnan Langaness.

Aðalfundur Fonts telur einboðið að bygging hafnar í Finnafirði og Gunnólfsvík stefni veiðistofni þorsks á svæðinu sunnan Langaness í verulega hættu.

Með byggingu hafnarinnar er afkomu félagsmanna Fonts stefnt í algjöra óvissu.

Aðalfundur Fonts gerir þá kröfu að nú þegar verði látið af öllum áformum í þessa veru.

Aðalsmerki smábátasjómana eru umhverfis- og vistvænar veiðar þar sem fyllstu varúðar er gætt gagnvart náttúrunni.

Eyðilegging stærstu hrygningarstöðva þorsks sunnan Langaness er umhverfisslys í sinni verstu mynd.